



THE PASSION OF THE CHRIST

JIM CAVIEZEL
FRÁ LEIKSTJÓRANUM
MEL GIBSON

SAFNAÐARFERÐ Í SMÁRABÍÓ

LAUGARDAGINN 10. APRÍL KL. 17.30

Miðar seldir í Safnaðarheimili Lindasóknar, Uppsölum 3.
Miðaverð: 800 kr. Nánari upplýsingar í grein inni í blaðinu.



Bæjarlind 1 • Sími 544 5566

INN RÖMMUN
KÓPAVOGS

Hlíðarsmára 11
Sími 555 7650 • Fax 555 7651



Kópavogsbær



Bæjarlind 1 • Sími 544 4510
Opíð alla daga kl. 10 - 20
www.sparverlun.is



562 7890



55 444 66



Fréttabréf Lindasóknar

2. tbl. 3. árg. apríl 2004

Áb.: St. Guðmundur Karl Brynjarsson sími 864 0554

Safnaðarheimili Uppsölum 3 sími 544 4477 • netfang: guðmundurkarl@kirkjan.is



Ljósmynd: RAX

FERMINGAR

Fermingar í Lindasókn voru laugardagana 20. og 27. mars. Eins og fyrr naut söfnuðurinn gestrisni Hjallasafnaðar, en fermt var í Hjallakirkju. Fermingarbörnum fjölgaði nokkuð milli ára, eins og gefur að skilja í stækkandi hverfi. Í fyrra taldi hópurinn 52 börn en 77 börn í ár. Börnin sóttu fermingarfræðslu hálfsmánaðarlega í Safnaðarheimilið, auk undirbúnings messu bæði

fyrir og eftir áramót og fermingarferðar í Vatnaskóg síðasta haust. Nokkuð hefur borið á að foreldrar næsta fermingarárgangs séu farnir að spyrjast fyrir um hvenær fermingar í Lindasókn verði að ári og skal það upplýst hér með að þær verða laugardagana 2. og 9. apríl 2005. Meðfylgjandi mynd var tekin af fyrstu fermingu ársins.



Bæjarlind 1 • Sími 544 4510
Opíð alla daga kl. 10 - 20
www.sparverlun.is



562 7890



55 444 66



THE PASSION OF THE CHRIST

Safnaðarferð 10. apríl



Hér á landi og um heim allan hafa spunnist miklar umræður um nýjustu mynd leikstjórans Mel Gibson, *The Passion of the Christ*. Eins og auglýst var í síðasta Fréttabréfi Lindasóknar hefur staðið til að þessari kvikmynd yrðu gerð skil í safnaðarstarfinu. Þann 10. apríl verður efnt til safnaðarferðar í Smárabíó laugardaginn 10. apríl næstkomandi kl. 17.30, sem er laugardagurinn fyrir páska. Bíósalurinn verða sérstaklega tekinn frá fyrir þessa sýningu. Á undan sýningunni verða sögð nokkur orð áhorfendum til glöggvunar og að henni lokinni verður boðið upp á umræður um myndina í Digraneskirkju. Bíómiðar eru seldir í safnaðarheimilinu, mánudag, þriðjudag og miðvikudag í þessari viku en einnig er hægt að hafa samband við sr. Guðmund Karl í síma 8640554 og panta miða. Miðaverð er 800 kr. Vinsamlega hafið samband sem fyrst ef áhugi er fyrir hendi. Minnt skal á að kvikmyndin er bönnuð börnum yngri en 16 ára.

SKÍRNIR

Katla Pétursdóttir var skírð heima hjá ömmu og afa, í Vogatungunni 28. desember síðastliðinn. Foreldrar Kötlu eru Guðbjörg Magnúsdóttir og Pétur Yngvi Leósson og er Katla þeirra fyrsta barn. Fjölskyldan býr í Melalind 4.

Dagur Ingi Viðarsson var skírður í Hjallakirkju 10. janúar. Dagur Ingi á þriggja ára systur sem heitir Lilja Sól en foreldrar þeirra eru Vala Jóna Garðarsdóttir og Viðar Þórðarson. Fjölskyldan býr í Fensölum 12.

Auður Ína Björnsdóttir var skírð í Kópavogskirkju 11. janúar. Foreldrar hennar eru Halla Tómasdóttir og Björn Skúlason. Tómas Bjartur, heitir stóri bróðir Auðar Ínu en hann verður þriggja ára á þessu ári. Fjölskyldan býr í Háulind 19.

Máni Felix Guðmundsson var skírður í guðsþjónustu í Lindaskóla 25. janúar. Foreldrar hans eru Guðrún Fjóra Guðnadóttir (hún Fjóra í sunnudagaskólanum) og Guðmundur Aráson. Máni Felix á tvo stóru bræður. Þeir heita Ari Freyr, 13 ára og Fannar Guðni 7 ára. Fjölskyldan býr í Hásölum 1.

Helena Rós Ragnarsdóttir var skírð heima í Krossalind 19 þann 7. mars síðastliðinn. Helena Rós er fjórða barn hjónanna Gyðu Kristínar Aðalsteinsdóttur og Ragnars Jens Bjarnasonar. Bræður Helenu Rósar eru Hermann Bjarni 13 ára, Kristófer 9 ára og Andri Steinn 3 ára.



BÆNASTUNDIR

Í SAFNAÐARHEIMILINU Á FIMMTUDÖGUM KL. 12.10

ATH!

**Aðal safnaðarfundur
Lindasóknar verður haldinn
sunnudaginn 25. apríl nk.**

**að lokinni guðsþjónustu
í Lindaskóla**

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Nánu auglýst síðar

Sóknarnefnd



LEIKJANÁMSKEIÐ
KFUM&KFUK

Námskeiðin eru fyrir 6-9 ára börn (fædd 1995-1998) og eru haldin í Hjallakirkju, Álfaheiði 17, 200 Kópavogi.

Dagsetningar :	Dagafjöldi	Verð
7. júní - 11. júní	5 dagar	5.200
14. júní - 18. júní	4 dagar	4.200
21. júní - 25. júní	5 dagar	5.200
28. júní - 2. júlí	5 dagar	5.200
5. júlí - 9. júlí	5 dagar	5.200
12. júlí - 16. júlí	5 dagar	5.200
19. júlí - 23. júlí	5 dagar	5.200
26. júlí - 30. júlí	5 dagar	5.200
3. ágúst - 6. ágúst	4 dagar	4.200

Ævintýranámskeiðin standa frá kl. 9-16 en boðið er upp á gæslu frá kl. 8-9 og 16-17 án sérstaks endurgjalds.

Staðsetning: Námskeiðin fara fram í Hjallakirkju sem er einstaklega vel staðsett í jaðri Kópavogsdagsins. Svæðið hentar vel til spennandi útivistar og leikja.

Skemmtileg dagskrá: Að venju er boðið upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá. Má þar nefna útiivist, fönður, íþróttir, styttri og lengri ferðir, alls kyns þrautir og leiki og fræðslu um lífið og tilveruna út frá kristilegu sjónarmiði. Lögð er áhersla á að hvert barn fái að njóta sín sem best við leiki og störf.

Námskeiðsgjald: Veittur er 10% systkinaafsláttur. Ef barn er skráð á tvö námskeið fæst einnig 10% afsláttur. Hægt er að greiða með debet- og kreditkortum, sem og símgreiðslum. Í námskeiðsgjaldi felst allur kostnaður við námskeiðin, m.a. ferðakostnaður og föndurefni. Börnin hafa sjálf með sér nesti.

Fjöldi: Hámarksfjöldi á námskeiði eru 30 börn. Innritun og upplýsingar: Á skrifstofu KFUM og KFUK við Holtaveg 28 í Reykjavík kl. 8:00-16:00 mánudaga til föstudaga, sími: 588 8899.

PÁSKAR Í LINDASÓKN

SKÍRDAGUR KL. 20

Kærleiksmáltíð í Safnaðarheimili Lindasóknar, Uppsölum 3. Heilög og hátíðleg stund. Góð tónlist. Allir velkomnir.



FÖSTUDAGURINN LANGI KL. 14

Upplestur Píslarsögunnar eins og hún birtist í Jóhannesarguðspjalli. Lesturinn fer fram í Safnaðarheimilinu.



PÁSKADAGUR KL. 10

Athugið breyttan messutíma!

KRISTUR ER UPP RISINN! Gleði rík guðsþjónusta í Lindaskóla fyrir alla fjölskylduna. Að guðsþjónustu lokinni verður boðið upp á léttan morgunverð og páskaeggjaleit fyrir börnin. Allir velkomnir!